



Orkuskipti í samgöngum

Skýrsla stjórnar

Aðalfundur 2020

Græna orkan

Samstarfsvettvangur um orkuskipti

Skýrsla stjórnar Grænu orkunnar 2019-2020

Starfsár stjórnar Grænu orkunnar 2019 var afar viðburðaríkt og verkefnin fjölbreytt og skemmtileg. Stjórn Grænu orkunnar lagði fram tillögur um forgangsröðun fjármagns til innviðaupbyggingar og orkuskipta að beiðni starfshóps ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra. Venju samkvæmt voru haldnir hádegisviðburðir í samstarfi við Orkustofnun og fleiri aðila og fundað var með ýmsum hagsmunaaðilum um orkuskipti í samgöngum. Þá tók stjórn Grænu orkunnar þátt í samráðsferli stjórnvalda í Samráðsgátt með því að veita umsagnir um hin ýmsu mál tengdum orkuskiptum og vistvænu eldsneyti.

Í stjórn Grænu orkunnar sitja fjórir fulltrúar stjórnvalda sem hver er skipaður af ráðherra síns ráðuneytis, og fjórir fulltrúar atvinnulífsins, tveir sem kosnir voru árið 2018 og tveir sem tóku sæti í stjórn eftir aðalfund 2019. Það hefur reynst gæfuríkt að hafa ólíka aðila í stjórninni. Stjórnarmenn koma með fjölbreytta þekkingu, bakgrunn og tengslanet að borðinu. Stjórn Grænu orkunnar á starfsárinu 2019-2020 var skipuð:

Frá atvinnulífi, Auður Nanna Baldvinsdóttir (Landsvirkjun), Gunnar Valur Sveinsson (Samtökum ferðaþjónustunnar), María Jóna Magnúsdóttir (Bílgreiðasambandinu) og Sigurður Ástgeirsson (Ísorku). Sigríður Ragna Sverrisdóttir (Hafinu Öndvegissetri) og Skúli K. Skúlason (Bílgreinasambandinu) voru varamenn.

Frá ráðuneytum, Ásta Þorleifsdóttir (Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Erla Sigríður Gestsdóttir (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti), Helga Barðadóttir (Umhverfis- og auðlindaráðuneyti) og Íris Hannah Atladóttir (Fjármála- og efnahagsráðuneyti).

Auður Nanna var kosin stjórnarformaður á fyrsta fundi nýrrar stjórnar í maí 2018. Endurnýjaður var samningur við Íslenska NýOrku um verkefnastjórn og hafa Jón Björn Skúlason og Anna Margrét Kornelíusdóttir starfað með Grænu orkunni. Um 80 fyrirtæki og stofnanir eru skráð á póstlista Grænu orkunnar og þar af eru um 50 aðilar formlegir aðilar að samstarfsvettvangnum en rekstur hans er fjármagnaður með félagsgjöldum. Fjölmargir taka virkan þátt í viðburðum á vegum félagsins.

Málefnavinna

Starfshópur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra leitaði til Grænu orkunnar um gerð tillagna að forgangsröðun verkefna er varða innviði til orkuskipta. Með opnu samtali við atvinnulíf og hagsmunaaðila skyldi meta þarfir og móta og leggja til aðgerðir sem greitt geta enn frekar fyrir orkuskiptum, bæði á landi og hafi. Fjórir hópar voru myndaðir sem hver fyrir sig tók fyrir samgöngumáta. Þeir voru: fólksbílar, hópþingreiðar, landflutningar og vinnuvélar og loks hafnir og skip. Fundað með öllum hópum tvisvar í september og október 2019 og tillögur voru kynntar á opnum samráðsfundi 30. október. Skýrsla var skilað til starfshóps ráðuneyta 19. nóvember 2019 og hún birt nokkru síðar. Í febrúar 2020 tilkynntu ráðherrar um 200 milljóna króna styrki til uppbyggingar innviða fyrir orkuskipti í samgöngum en tillögurnar byggðu að miklu leyti á framlagi úr þeirri hugmyndavinnu sem stór hópur úr atvinnulífinu kom að í vinnu Grænu orkunnar.

Viðburðir

Fyrsti viðburður ársins 2019 fór fram 13. febrúar og fjallaði um vistvænar almenningsamgöngur. Fyrirlesarar voru Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. og Lilja Guðríður Karlsdóttir, verkefnastjóri Borgarlínu.

Viðburður um lífoldsneyti 15. mars. Fyrirlesarar voru Sandra Rán Ásgrímsdóttir, Mannviti, Jón Bernódusson, Samgöngustofu og Sigurður Ingólfsson, Lífdísli.

Aðalfundur var haldinn 10. apríl og nýir fulltrúar atvinnulífsins í stjórn voru kosin þau María Jóna Magnúsdóttir fyrir hönd Bílgreinasambandsins og Gunnar Valur Sveinsson, Samtökum ferðaþjónustunnar til tveggja ára. Í lok aðalfundar flutti Erik Lorenzen frá Norska rafbílasambandinu (Norsk elbilforening) fyrirlestur um rafbílavæðingu Noregs í sameiginlegum hádegisfyrirlestri Grænu orkunnar, Orkustofnunar og Orkuveitu Reykjavíkur.

Viðburður um nýtingu metans var haldinn 23. október í samstarfi við Grænni byggð. Yfir 50 gestir tóku þátt og líflegar umræður spunnust. Fyrirlesarar voru Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, María Jóna Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, Hafsteinn Helgason, sviðsstjóri Þróunar hjá EFLU verkfræðistofu, Auður Nanna Baldvinsdóttir, viðskiptaþróunarstjóri hjá Landsvirkjun og stjórnarformaður Grænu orkunnar og Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri Skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg.

Seinasti viðburður ársins var opinn samráðsfundur um tillögur að forgangsröðun fjármagns til orkuskiptainniðaupbyggingar, en hann var haldinn 30. október. Áður en tillögum var skilað til starfshóps ráðuneyta, vildi Græna orkan gefa almenningi og öllum þeim sem áhuga hafa á orkuskiptum tækifæri til að kynna sér efni þeirra á opnum fundi, veita umsögn og endurgjöf.

Covid-19 faraldurinn í vor 2020 hafði þau áhrif að ekki voru haldnir viðburðir á vegum Grænu orkunnar en stjórnin fundaði með fjarfundabúnaði.

Samstarf

Fulltrúi frá Samtökum iðnaðarins var gestur á stjórnarfundum GO í maí 2019 þar sem rætt var um framleiðslu innlands vistvæns eldsneytis á Íslandi og helstu sóknarfæri í aukinni notkun þess. Í kjölfarið fór af stað umræða um aukið samstarf hagsmunaaðila á þessum vettvangi. Settur var á laggirnar samstarfshópur sem greina á helstu hindranir og tækifæri í framleiðslu vistvæns eldsneytis hér á landi. Gert er ráð fyrir að hann skili af sér skýrslu á vormánuðum 2021.

Fundað með fulltrúum Rafbílasambands Íslands í júní 2019 um mögulegt samstarf. Í maí 2020 voru fulltrúar Grænvangs gestir á fjarfundum stjórnar Grænu orkunnar þar sem ræddir voru fletir á samstarfi félaganna tveggja.

Græna orkan sendi ábendingar og umsagnir í Samráðsgátt stjórnvalda á árinu. Ábendingar um Orkustefnu Íslands voru ritaðar í febrúar 2019, umsögn um *Áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skattlagningu ökutækja (Ívilnanir vegna vistvænna ökutækja o.fl.)* var send í gáttina í júlí 2019. Í desember sama ár sendi Græna orkan inn umsögn um *Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta (Ívilnanir vegna vistvænna ökutækja o.fl.)*. Mál nr. 272/2019.

Spennandi starfsár 2020-2021 er framundan og við vonum að sem flest aðildarfélög sjái sér fært að taka þátt í starfi Grænu orkunnar og vegferð Íslands að orkuskiptum.

Stjórnarformaður Grænu orkunnar

Auður Nanna Baldvinsdóttir

Ársreikningur Samstarfsvettvangs um orkuskipti

2019

Aðildargjöld	kr.
Aðildargjöld	1.740.000
Fjármagnstekjur	<u>1.255</u>
Heildartekjur	1.741.255
Kostnaður	
Kostnaður vegna vefhýsingar, funda og ráðstefna	216.762
Þjóðahagsleg hagkvæmni rafbíla (HÍ)	25.264
Fyrirlesari á aðalfundi Grænu Orkunnar	91.544
Ráðstefnugjald	130.000
Þjónustusamningur um rekstur	<u>1.426.000</u>
Heildarkostnaður	1.889.570
Eignir í árslok 2019	
Rekstrartap 2019	-148.315
Bankainnistæða 01.01.2019	<u>985.025</u>
Bankainnistæður 31.12.19	836.710
Þar af geymt f. MMAG 2020¹	361.643
Raunverulega eign Grænu Orkunnar 31.12.2019	<u>475.067</u>

Reykjavík 05. október, 2020,

Jón Björn Skúlason, Verkefnisstjóri

Skoðað af kjörnum endurskoðendum Samstarfsvettvangs um orkuskipti,

Gunnar P. Stefánsson
Gunnar Páll Stefánsson

Benedikt S. Benediktsson

¹ Vettvangurinn geymir fé til að halda Making Maritime Application Greener (MMAG) 2020 að upphæð 361.643 sem var hagnaður af styrk MMAG 2018 og var vistaður hjá Vettvanginum.

Rekstraráætlun Samstarsvettvangs um orkuskipti

2020

	kr.
Aðildargjöld	
Aðildargjöld	1.800.000
Fjármagnstekjur	<u>2.000</u>
Heildartekjur	1.802.000
Kostnaður	
Kostnaður vegna funda, vefhýsing og annað	180.000
Þjónustusamningur um rekstur	1.426.000
Annað ófyrirséð	<u>100.000</u>
Heildarkostnaður	1.706.000
Eignir í árslok 2020	
Rekstrarafgangur 2020	96.000
Eignir frá 2019	<u>475.067</u>
Eign 31.12.2020	571.067
Áætlaður kostnaður v MMAG 2020	361.643
Greitt af geymslureikning MMAG	361.643
Samtals áætluð bankainnistæða í lok 2020	<u>571.067</u>

Fyrir hönd Grænu Orkunnar,

Jón Björn Skúlason